

28.mars 2008

Til OMX
Frá Stjórn Eglu hf.

**Afkoma Eglu hf.
Rekstrartímabilið 1. janúar til 31. desember 2007**

Stjórn Eglu hf. samþykkti í dag ársreikning félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

4.354 milljóna króna hagnaður á rekstrarárinu

- Hagnaður rekstrarársins var 4.354 milljónir króna og lækkaði um 12.680 milljónir króna frá fyrra ári þegar hann var 17.034 milljónir króna.
- Gangisvirðisbreyting hlutabréfa var jákvæð um 8.306 milljónir króna en dróst saman um 3.325 milljónir króna frá fyrra ári.
- Reiknaður tekjuskattur ársins var 628,6 milljónir króna.

Efnahagur í árslok

Eignir félagsins hækkuðu um 37.540 milljónir króna frá byrjun árs til ársloka. Heildarskuldir Eglu hf. hækkuðu um 33.253 milljónir króna frá upphafi árs til ársloka og eru 55.753 milljónir króna.

Eigið fé hækkaði um 4.287 milljónir króna. Breytingin skýrist annars vegar af hagnaði ársins að upphæð um 4.354 milljónir króna og hins vegar af lækkun vegna þýðingarmunar að upphæð 67.6 milljónir króna.

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsta árið sem félagið færir reikningsskil sín í samræmi við þær aðferðir. Upptökudagur reikningsskilastaðlanna miðast við 1. janúar 2006 og hafa því reikningsskil fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2006 verið færð samkvæmt stöðlunum til samanburðar.

Áhrif IFRS á upphafsstöðu efnahagsreiknings 1.1.2006 eru eftirfarandi:

- Eigið fé var 34.209.133 en verður 34.273.166
- Heildarskuldir voru 20.062.566 en verða 19.998.532

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu reikningsskila ársins 2006 eru eftirfarandi:

- Afkoma var 17.006.706 en verður 17.034.219
- Reiknaður tekjuskattur var 7.346.173 en verður 7.340.133

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu efnahagsreiknings í árslok 2006 eru eftirfarandi:

- Heildareignir voru 75.143.494 en verða 75.123.397
- Eigið fé var 52.531.509 en verður 52.623.059
- Heildarskuldir voru 22.611.985 en verða 22.500.339

Rekstrarhorfur á yfirstandandi ári

Á yfirstandandi reikningsári hefur ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum einkennst af mikilli lausafjárræppu með þeim afleiðingum að hlutabréf skráðra félaga á Íslandi hafa lækkað mikið auk þess sem lán félagsins hafa hækkað með veikingu krónunnar. Eiginfjárstaða Eglu hf. er sterk og er félagið vel í stakk búð til að takast á við fjármálaumhverfið á yfirstandandi ári.

Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrartímabili

Markaðsverð skráðra félaga í eignasafni Eglu hf. hefur lækkað það sem af er árinu 2008. Eignarhlutur félagsins í Kaupþingi hf. hefur lækkað um 11,4% og í Alfesca um tæp 1,2% á árinu. Á sama tímabili hefur gengi íslensku krónunnar veikst um 26,1%. Þrátt fyrir þessar breytingar er eiginfjárstaða félagsins sterk á áritunardegi ársreikningssins.

Aðalfundur og tillögur um arð

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. mars 2008. Ekki var tekin ákvörðun um úthlutun arðs til hluthafa á árinu 2008.

Lykiltölur

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2007

	Árið 2007	Árið 2006	Árið 2005	Árið 2004	Árið 2003
Rekstrartekjur					
Gangvirðisbreytingar fjárfestingarverðbréfa.	8.305.753	11.630.306	22.211.956	11.764.480	6.997.096
Vaxtatekjur	1.305.556	59.396	508.302	341.754	6.606
	<u>9.611.309</u>	<u>11.689.702</u>	<u>22.720.259</u>	<u>12.106.234</u>	<u>7.003.702</u>
Rekstrargjöld					
Fjármagnsgjöld.....	4.565.349	1.981.006	1.251.403	334.336	55.111
Annar rekstrarkostnaður	62.948	14.610	11.139	6.519	20.997
	<u>4.628.297</u>	<u>1.995.616</u>	<u>1.262.542</u>	<u>340.854</u>	<u>76.108</u>
Hagnaður fyrir skatta.....	<u>4.983.012</u>	<u>9.694.086</u>	<u>21.457.717</u>	<u>11.765.380</u>	<u>6.927.594</u>
Skattar					
Reiknaður tekjuskattur.....	(628.601)	7.340.133	(3.797.694)	(2.092.116)	(1.218.349)
Hagnaður ársins.....	<u>4.354.410</u>	<u>17.034.219</u>	<u>17.660.023</u>	<u>9.673.264</u>	<u>5.709.245</u>
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta.....	1.031.733	4.087.127	(391.259)	2.403.481	120.167
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	(811.469)	1.112.589	(85.137)	2.467.523	126.926
Fjárfestingarhreyfingar sjóðstreymis nettó...	(894.868)	(2.683.641)	(1.531.244)	(8.060.674)	(7.784.363)
Efnahagur					
	<u>31.12.2007</u>	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>	<u>31.12.2004</u>	<u>31.12.2003</u>
Fastafjármunir.....	111.136.064	73.654.733	53.624.981	31.772.442	14.668.177
Veltufjármunir.....	1.526.883	1.468.664	646.718	249.834	18.170
Eignir alls.....	<u>112.662.947</u>	<u>75.123.397</u>	<u>54.271.699</u>	<u>32.022.276</u>	<u>14.686.347</u>
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé í árslok.....	56.909.806	52.623.059	34.209.133	18.584.111	10.747.001
Tekjuskattskuldbinding.....			7.108.159	3.310.464	1.218.349
Langtímaskuldir.....	55.171.066	18.352.346	12.521.779	10.040.968	2.697.230
Skammtímaskuldir.....	582.075	4.147.992	432.628	86.732	23.767
Skuldir og skuldbindingar alls.....	<u>55.753.141</u>	<u>22.500.338</u>	<u>20.062.566</u>	<u>13.438.164</u>	<u>3.939.346</u>
Skuldir og eigið fé alls.....	112.662.947	75.123.397	54.271.699	32.022.276	14.686.348
Kennitölur					
Innra virði.....	4944,38	4752,81	3216,66	1677,11	742,30
Eiginfjárhlutfall.....	50,5%	70,0%	63,0%	58,0%	73,2%
Arðsemi eigin fjár.....	8,3%	48,8%	100,5%	98,4%	113,3%
Afkoma á hlut (EPS).....	378,32	1538,50	1660,56	872,96	394,34
Útistandandi hlutafé.....	11.510	11.072	10.635	11.081	14.478